

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 11. nóvember 2011

Efni: Fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar hf. í Helguvík

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis – viðbótarupplýsingar sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 785/1999, er varðar atriði sem fylgja skulu umsóknum um starfsleyfi

Í tölvupósti frá Sigurði Ingasyni á sviði umhverfisgæða hjá Umhverfisstofnun þann 27. október 2011, var óskað eftir sundurliðun upplýsinga samanber atriði sem fylgja skulu starfsleyfisumsóknum eins og við á hverju sinni. Hér er um að ræða upplýsingar um atvinnureksturinn og eru atriðin sem óskað er upplýsinga um talin upp í 10. grein reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Hér á eftir eru sett fram svör við þeim atriðum sem þar eru talin upp.

a. Lýsing á tegund atvinnurekstrar, umfangi hans og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á og upprættir af staðsetningu

Eins og fram hefur komið er um að ræða fiskimjölsverksmiðju í Helguvík. Hráefni til framleiðslunnar hefur í gegnum árin aðallega verið loðna og loðnuhrat frá manneldisvinnslu. Hámarksafköst verksmiðjunnar samkvæmt núgildandi starfsleyfi eru 900 tonn á sólarhring. Í þessari umsókn um endurnýjun starfsleyfis er greint frá breytingum á vélbúnaði verksmiðjunnar til að eiga möguleika á að ná leyfilegum afköstum. Reynslan hefur hins vegar verið sú að búnaðurinn ræður nú við talsvert meiri afköst við bestu skilyrði og því er nauðsynlegt að óska eftir endurnýjun starfsleyfisins.

Reksturinn mun áfram fela í sér móttöku hráefnis úr fiskiskipum og úrgangs frá landvinnslu til vinnslu fiskimjöls og lýsis ásamt geymslu og útskipun þessara afurða.

Verksmiðjan er, eins og fram hefur komið, staðsett við höfnina í Helguvík. Næsta byggð er Reykjanesbær í suðri. Staðsetningu verksmiðjunnar má sjá á meðfylgjandi aðalskipulagsupprætti Reykjanesbæjar (**mynd 1**).

b Afrit af staðfestu deiliskipulagi

Núgildandi deiliskipulag var samþykkt í bærarstjórn Reykjanesbæjar þann 5. febrúar 2008 (**mynd 2**).

c Lýsing á staðháttum við vinnslustað

Eins og fram hefur komið er verksmiðjan staðsett við Helguvíkurhöfn. Svæði verksmiðjunnar var sprengt inn í um 20 m hátt klettabelti sem umlykur verksmiðjuna í norðri og vestri. Eins og sjá má á deiliskipulagsupprætti eru bundnar vonir við töluverða iðnaðaruppbyggingu á svæðinu, þar með talin hafnsækin starfsemi. Auk þess má nefna að norðan deiliskipulagssvæðisins, í Sveitarfélaginu Garði, er fyrirhuguð álversbygging Norðuráls, sem risin er að hluta.

d Upptalning á hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd

Hráefni til framleiðslu fiskimjöls er bræðslufiskur frá fiskiskipum eða fiskúrgangur frá uppsjávarvinnslu.

Hjálparefni sem notuð eru við framleiðsluna eru vítissódi, saltpéturssýra, saltsýra, lútur, klórefni, sápa, sekkir, smurefni og mjúksýra.

Með breytingunum sem ráðist var í á tækjabúnaði hefur olíunotkun verksmiðjunnar minnkað, þar sem stór hluti þurrkunarinnar fer fram í gufuþurrkaranum, sem nýtir gufu frá rafkatli verksmiðjunnar. Einnig eru nýju soðeimingartækin keyrð á rafmagni. Sé litið til rauntalna eldsneytisnotkunar frá því áður en umræddar breytingar urðu á tækjabúnaði hefur notkunin minnkað umtalsvert eða úr um 40 l/hráefnistonn í um 20 l/hráefnistonn. Raforkupörf verksmiðjunnar er um 11-12 MW.

e Lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg, og greinargerð um áhrif losunar á umhverfið.

Ýmis brunagöms myndast við brennslu svartolíu í verksmiðjunni sem berast út í andrúmsloftið, svo sem brennisteinsambönd, gróðurhúsalofttegundir á borð við CO₂ og fjölhringja arómatísk kolvetnissambönd (PAH).

Eins og fram hefur komið hefur olíunotkun í verksmiðjunni minnkað um allt að 50% á hvert unnið hráefnistonn eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið á tækjabúnaði. Gera má ráð fyrir að magn brunagasa hafa minnkað í sama hlutfalli. Á móti kemur að framleiðslugeta verksmiðjunnar er meiri en áður þó svo að hún vegi ekki upp á móti minni olíunotkun. Af þessu leiðir að loftmengun er minni eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið.

Breytingar á lyktarmengun við þær breytingar á tækjabúnaði verksmiðjunnar sem lýst hefur verið hér að framan eru frekar til minnkunar ef eitthvað er. Ástæðan er sú að auðveldara er fyrir verksmiðjuna að vinna fyrr stóra farma. Það minnkar líkur á að hráefni skemmist meðan á vinnslu stendur með tilheyrandi lyktarmengun. Þetta á sérstaklega við varðandi vinnslu á hrati frá hrognatöku.

f Lýsing á þeim mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun

Reynt er að lágmarka mengunarefni og lykt frá verksmiðjunni eins og kostur er. Notaður er hreinsibúnaður sem krafist er af heilbrigðisyfirvöldum. Afsog er frá öllum helstu einingum í blautvinnslu, s.s. sjóðurum, pressum, skilvindum, sniglum og tönkum. Einnig er vatnsgufa frá gufupurrkara leidd í gegnum þvotta- og þéttiturna sem tilheyra heitloftspurrkarasamstæðu verksmiðjunnar. Afsog er síðan brennt ásamt lekalofti loftþurrkara í brunahólfum loftþurrkara (lágmark 800°C í 1/3 úr sek). Brenndu afsogi ásamt því umframlofti sem þarf til brennslunnar er því næst leitt í reykháfa.

Núverandi búnaður mun ekki breytast þar sem heitloftspurrkarar verksmiðjunnar verða notaðir á sama hátt áfram fyrir utan það að álagið á þá minnkar. Engar breytingar verða á núverandi hráefnisgeymslum. Nýi gufupurrkarinn tengist núverandi búnaði.

Við þær breytingar á tækjabúnaði verksmiðjunnar sem lýst hefur verið hér að framan er auðveldara fyrir verksmiðjuna að vinna fyrr stóra farma eins og fram hefur komið. Hráefni skemmist því síður með tilheyrandi lyktarmengun.

g Lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið

Á starfsleyfistímanum mun Síldarvinnslan framkvæma mat á framlagi starfseminnar til loftmengunar á nærliggjandi svæðum eins og kveðið er á um í grein 3.1 í núgildandi starfsleyfi. Hér er bæði um að ræða losun lyktarefna frá vinnslu og brunaloft frá olúbrennslu.

Síldarvinnslan mun halda áfram mælingum eins og tilgreint er í greinum 3.19 og 4.2 í núgildandi starfsleyfi. Hér er um að ræða TVN-mælingar á hráefni og mælingar á frárennsli verksmiðjunnar.

h Lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Innra eftirlit verður áfram eins og tilgreint er í kafla 4 í núgildandi starfsleyfi.

i Lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs ásamt upplýsingum og lýsingu á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs, ef þörf er á

Eins og fram kemur í grein 3.14 í núgildandi starfsleyfi verður dregið skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar.

j Lýsing á tegund og magni úrgangs, þ.m.t. spilliefna

Úrgangur er fyrst og fremst losun lífræns efnis (COD), fitu og svífefna.

k Lýsing á öðrum ráðstöfunum sem gerðar verða, m.a. í samræmi við almenn skilyrði í 14. gr.

Eins og fram kemur í grein 4.3 í núgildandi starfsleyfi hefur fyrirtækið útbúið viðbragðs-áætlun til að taka á hugsanlegum hættum vegna bráðrar mengunar. Auk þess vinnur

fyrirtækið að því að auka gæði hráefnis og stuðla þannig að minni loft- og sjávarmengun.

Í grein 10.3 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun er farið fram á gerð samantektar um þau atriði sem fram koma í umsókninni. Upprunaleg umsókn er ágætis samantekt og vísast því til hennar í þessu samhengi.

Meðfylgjandi er einnig fyrirspurn um matsskyldu og ákvörðun Skipulagsstofnunar þar um en heimilt er að leggja fram fyrirbyggjandi gögn sem unnin voru til að uppfylla ákvæði laga og reglugerða um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt því sem segir í grein 10.4 í reglugerð nr. 785/1999.


Virðingarfyllst

F.h. Síldarvinnslnnar hf.



Haukur Einarsson

Mannvit hf.



Mynd 2 Deiliskipulag Helguvíkur.